

Ástund ehf.
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2022
UST202011-124/F.K.
07.05.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 22.2.2022 vegna eftirlits í kjölfar ábendingar með eftirfarandi efnavörum, *Reflective Spray textiles* og *Reflective spray metals*, sem fyrirtækið Ástund ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Nánari upplýsingar um umfang og frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í eftirlitsskýrslu sem hefur verið birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur dregið vörurnar af markaði og staðfestu þann 12.5.2022 förgun þeirra.

Að framansögðu telst máli þessu sem hófst með bréfi dags. 22.2.2022 því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með *Reflective Spray textiles* og *Reflective spray metals*, og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreindar vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Ástund ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur